



510. fundur Þingvallanefndar
17. janúar 2024 kl 11:30-13:00
Nefndarsviði Alþingis í Smiðju

Mætti: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir varaformaður stýrði fundi í fjarveru Vilhjálm Árnasonar sem boðaði forföll. Oddný Harðardóttir, Orri Páll Jóhannsson, Andrés Ingi Jónsson, Tómas A.Tómasson. Birgir Þórarinsson sat fundinn í fjarveru Berglindar Ósk Guðmundsdóttur sem boðaði forföll.

Dagskrá

1. 80 ára afmæli lýðveldis—þáttur Þingvalla
Þjóðgarðsvörður fer yfir tillögur að dagskrá í tilefni af 80 ára lýðveldisafmælis. Almennt er stefnan er að dreifa viðburðum yfir árið og hafa fleiri minni viðburði á vegum stofnana og opinberra aðila. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum mun standa að mismunandi viðburðum til að minnast þessa tímamóta. Fimmtudagskvöldgöngur sumarsins verða tileinkaðar tímamótunum, ljósmyndasýning í samvinnu við Þjóðminjasafnið með ljósmyndum af hátíðarhöldunum 17. júní 1944 verður opnuð í gestastofu þjóðgarðsins í maí. Helgina 15-16 júní verða fleiri viðburðir settir upp í þinghelginni þar sem áhersla verður á söng og tónlist sem lýkur með tónleikum.
Skipulag og verkefnastjórnun vegna viðburða á Þingvöllum verður í höndum þjóðgarðsins í samvinnu hátíðarnefnd ásamt öðrum yfirvöldum sem koma til. Áætlanir um bílastæði og skipulag fyrri hátíða verða notuð til undirbúnings og skipulags viðburðanna. Umræður um dagskrárviðburði og annað tengt afmælisárinu.
2. Staða verkefna á Þingvöllum.
Þjóðgarðsvörður fer almennt yfir starfsemi þjóðgarðsins og þau verkefni sem eru framundan fram á vor.
Önnur mál.
Þjóðgarðsvörður skýrir frá fyrirhuguðu námsleyfi sem hann hefur fengið í febrúarmánuði í Malasíu. Hann fékk boð um að taka þátt í starfi heimsminjastaðar og fylgjast með verkefnum og starfsemi í borginni Georgetown á eyjunni Penang nyrst í Malasíu. Einnig tekur hann þátt í ráðstefnu um stjórnun heimsminja og mismunandi áskoranir þeim tengdum á heimsvísu í lok dvalarinnar. Góðar fararóskir fylgja frá Þingvallanefnd.